

EFTIRLITSSKÝRSLA

Alcoa-Fjarðarál Reyðarfirði Reyðarfjörður



Dags eftirlits	11.10.2012	Fulltrúi UST	Ólafur Kristinn Tryggvason
Fyrirtæki	Alcoa-Fjarðarál Reyðarfirði	Fulltrúi UST	Þorsteinn Jóhannsson og
Heimili	Hrauni 1	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5203034210	Flokkur	Ál
Fulltrúi fyrirtækis	Guðmundur Kroyer Sveinsson	ÍSAT nr.	24.42.0
Fulltrúi fyrirtækis	Geir Sigurpáll Hlöðversson og Dagný Reynisdóttir	Staðsetning	729651,982 512054,012

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Þrjú frávík komu fram í kjölfar eftirlits:

- Vegna rangrar virkni eða rangrar kvörðunar siritandi rykmæla brást innra eftirlit með rekstrarþáttum skv. gr. 3.2. sem nánar er kveðið á um í mæliáætlun í 2. viðauka starfsleyfis. Þar er kveðið á um stöðugar rykmælingar í hverri einingu hreinsivirkis en ljóst er að mælarnir sýndu ekki að göt voru komin á síupoka né aukna losun vegna þessa.
- Þar sem mælingar á losun flúors eru ekki nothæfar, ekki var brugðist við bilun í reykahreinsibúnaði, og í ljósi aukningar á flúor í gróðri, telst ekki sýnt fram á að losun flúors hafi verið undir mörkum. Frávík frá gr. 2.5 í starfsleyfi.
- Vöktunarbúnaður í reykahreinsivirki hefur hvorki verið prófaður árlega né kvarðaður á a.m.k. þriggja ára fresti en það er frávík frá gr. 3.4 í starfsleyfi.

Auk þess voru gerðar þrjár athugasemdir við starfsemina.

UMFANG EFTIRLITS

Í eftirlitinu var megin áherslan lögð á útblástursmál í ljósi upplýsinga um aukið flúorinnihald gróðurs í nágrenni álversins á milli ára.

Farið var yfir orsakir og viðbrögð vegna óhappsins með fulltrúum rekstraraðila. Fram kom að þegar niðurstöður hafi legið fyrir var farið í að leita bilana í hreinsivirkjum. Við skoðun á reykahreinsivirkjunum fundust götöttir síupokar í tveimur síuhúsum. Strax hafi verið farið í að skipta út götöttum síupokunum og yfirfara bæði reykahreinsivirkin.

Við eftirgrensulan á því hvers vegna ekki hafi verið brugðist við aukinni losun kom í ljós skv. upplýsingum rekstraraðila að siritandi mælar í reykahreinsivirki gáfu aldrei viðvörðun um að reykahreinsun væri ekki í lagi. Þeir sýndu þó ávalt mæligildi þannig að engin merki voru um bilun á þeim. Í eftirliti var farið yfir mælingar á þessu tímabili og greinilega sást að mælarnir sýndu útslög og því hefur mæling verið í gangi meðan á bilun stóð en Umhverfisstofnun telur ljóst að virkni þeirra hefur ekki verið rétt. Einnig vakna spurningar um hvort viðvörðun á þeim sé stillt á of hátt mæligildi. Hægt er að skoða mælingar allt að eitt ár aftur í tímann. Skoða þarf kvörðun, stillingar og bæta eftirlit með virkni rykmæla en þeir gegndu ekki því hlutverki sínu að gefa til kynna aukna losun og ef göt koma á síupoka. Samkvæmt upplýsingum rekstraraðila segir framleiðandi mælanna þá nánast viðhaldsfria, ekki sé þörf á að kvarða þá reglulega. Von var á fulltrúum frá framleiðanda mælanna til landsins fáum dögum eftir eftirlit en Umhverfisstofnun hafa ekki borist upplýsingar um niðurstöðu þeirrar könnunar.

Leitað var eftir því hvort starfsmenn eða aðrir hafi ekki orðið varir við ummerki eftir minni virkni hreinsibúnaðar. Farið var yfir aðgerðir vegna tilkynningar frá Alcoa þann 4. september sl um sýnilegan reyk upp úr reykháfi og viðbrögð rekstraraðila vegna þessa. Í tilkynningunni er talað um sýnilegan reyk á „undanförnum vikum“. Umhverfisstofnun bendir á að ef vart verður mengunaróhoppa sé eðlilegt að tilkynna um atvikið eins fljótt og auðið er.

Fram kom í eftirliti að á tímabilinu 20. - 27. júní hefði farið fram mæling á styrk efna í útblæstri en að sögn rekstraraðila hefði sú mæling misfarist. Í kjölfar eftirlits var sérstaklega óskað eftir niðurstöðum mælinganna. Niðurstöður bárust með tölvupósti þann 14. nóvember. Umhverfisstofnun bendir á að

skráningar og niðurstöður mengunarmælinga skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila skv. gr. 3.2 í starfsleyfi. Mælingarnar sýna óeðlilega mikið ryk frá rykhreinsivirkjum, einkum frá því eystra. Sú skýring hefur verið gefin af Fjarðaáli að mælingar þessa daga hafi ekki verið að gefa rétta mynd að venjulegum rekstri þar sem verið var að vinna viðhaldsvinnu í eystra hreinsivirkinu meðan á mælingu stóð en viðhaldsvinnan skapi óeðlilega mikið ryk.

Farið var yfir umsjón og utanumhald tengt losun í kerskála og með afsogsbúnaði og hvort það hefði áhrif á losun flúors frá álverinu

Fulltrúar rekstraraðila fóru yfir uppbyggingu afsogskerfis. Þegar unnið er í kerjum er sett í gang sjálfstætt viðbótar afsogskerfi. Þá er lokað fyrir hefðbundið afsog með segulrofa og loftstýrðum lokum sem eru við hvert ker. Kerin eru á fjórða hundruð og Alcoa sagði að vissulega hafi komið fram bilanir í einum og einum rofa en það væri óhjákvæmilegt. Bilunum er haldið í lágmarki með reglulegu fyrirbyggjandi viðhaldi.

Farið var yfir bréf Umhverfisstofnunar frá 5. október um viðbótarrannsóknir vegna flúormengunar. Fram kom að Náttúrustofa Austurlands hefur tekið sýni af heyi í nágrenni álversins og eiga niðurstöður að liggja fyrir um miðjan nóvember. Jafnframt hafi verið hafist handa við aðrar mælingar aðgerðir sem þar var kveðið á um.

Farið var í stjórnstöð rykhreinsivirkja og farið yfir skráningar og upplýsingar um rekstur hvernar einingar.

Einnig var farið út að eystra rykhreinsivirki. Starfsmenn Fjarðaáls útskýrðu virkni þess og sýndu staðsetningu síritandi rykmæla og staðsetningu sýnatökustúta fyrir handvirkar rykmælingar.

Farið var í kerskála, skautlager og kersmiðju og farið yfir verklag og aðstæður. Í kerskála var fylgst með skautskiptum og skoðuð virkni afsogsbúnaðar.

Í skautlager er geymd umframframleiðsla af raflausn sem kerin framleiða. Fjarðaál skýrði frá breyttu vinnulagi við meðhöndlun á umfram raflausn. Breytingin leiðir af sér tilfærslu á losun flúors frá kerskála til skautsmiðju en þar eru ekki mælingar á flúor. Að mati rekstraraðila er sú losun óveruleg. Umhverfisstofnun hefur óskað eftir endurskoðaðri mæliáætlun frá álverum.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
Gr. 3.2 í starfsleyfi.	Vegna rangrar virkni eða rangrar kvörðunar síritandi rykmæla brást eftirlit með rekstrarþáttum skv. gr. 3.2. sem nánar er kveðið á um í mæliáætlun í 2. viðauka starfsleyfis. Þar er kveðið á um stöðugar rykmælingar í hverri einingu hreinsivirkis en ljóst er að mælarnir sýndu ekki að göt voru komin á síupoka né aukna losun vegna þessa.
Gr. 3.4 í starfsleyfi	Vöktunarbúnaður er hvorki prófaður árlega né kvarðaður á a.m.k. þriggja ára fresti en það er frávik frá gr. 3.4 í starfsleyfi.
Gr. 2.5	Þar sem mælingar á losun flúors eru ekki nothæfar, ekki var brugðist við bilun í reykahreinsibúnaði, og í ljósi aukningar á flúor í gróðri, telst ekki sýnt fram á að losun flúors hafi verið undir mörkum. Frávik frá gr. 2.5 í starfsleyfi.

ATHUGASEMDIR

Bent er á að ef grunur er um að eitthvað sé athugavert varðandi mengunarvarnir skal strax virkja viðbragðsáætlun fyrirtækisins.

Æskilegt er að mengunaróhöpp séu tilkynnt sem fyrst.

Umhverfisstofnun bendir á að skráningar og niðurstöður mælinga skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila.

Reykjavík, 17.01.2013



Ólafur Kristinn Tryggvason

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.